

ins (ECA), Samtaka evrópskra svæðisflugfélaga (ERA) og Alþjóðasamtaka flutningaflugfélaga (IACA), sbr. ákvörðun EES-nefndarinnar um breytingu á XVIII viðauka við EES samninginn nr. 120/2001, sem birtist í EES-viðbæti nr. 60 þann 6. desember 2001, bls 33.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 26. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir „Bessahraun 1–15“ í Vestmannaeyjum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 30. júní 2004 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Bessahraun 1-15 í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 9. ágúst 2004.

Sigurður Smári Benónýsson,

skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja.

REGLUGERÐ

um vinnu- og hvíldartíma skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglugerðarinnar er að bæta öryggi til sjós, vinnuskilyrði og heilbrigði og öryggi skipverja á íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum og erlendum farþegaskipum og flutningaskipum sem fara um íslenskar hafnir.